Móttekið
20. okt. 2022
Skatturinn

# Samþykktir fyrir Mílu hf.

# Articles of Association for Míla hf.

### 1. gr.

Félagið er hlutafélag og er nafn þess Míla hf.

### Article 1

The Company is a public limited company. Its name is Míla hf.

### 2. gr.

Tilgangur félagsins er að veita hvers konar þjónustu á sviði fjarskipta og upplýsingatækni, svo og hvers konar þjónustu á sviði verslunar, iðnaðar, dreifingar, sölu, fjármála og viðskipta, að reka verslun með varning og búnað sem tengist starfsemi félagsins, að hafa á hendi flutningastarfsemi, fasteignarekstur og lánastarfsemi og reka aðra skylda starfsemi sem nýtt getur þekkingu og búnað fyrirtækisins.

### Article 2

The purpose of the Company is to provide any type of services in the telecom and IT markets, including services in the fields of trade, manufacturing, distribution, sale, financial activities and business, to operate a shop with products and equipment related to the Company's operations, to act as a distributor, operation of real estates and lending services in addition to run other related operations in which can utilize the Company's know-how and equipment.

### 3. gr.

Hlutafé félagsins er 7.600.000.000 kr. Hver hlutur er að fjárhæð 1 kr. að nafnverði.

Félagið er í fullri eigu AB 855 hf., kt. 620921-2620 að undanskildum einum hlut sem er í eigu Sunstone I Bis ehf., kt. 620921-2460. AB 855 hf. er svo aftur í meirihlutaeigu Sunstone IV ehf., kt. 620921-2540. Sunstone IV hf. er í meirihluteigu Sunstone III ehf., kt. 561221-1380 að undanskildum einum hlut sem er í eigu Sunstone I Bis ehf. Hluthafar í Sunstone III ehf. hafa gert með sér hluthafasamkomulag, dagsett 30. september 2022 („hluthafasamkomulagið").

### Article 3

The Company's share capital amounts to ISK 7,600,000,000. Each share's nominal value amounts to ISK I.

The Company is wholly owned by AB 855 hf., reg. no. 620921-2620 less one share in which is owned by Sunstone I Bis ehf., reg. no. 620921-2460. AB 855 hf. is in the majorty ownership of Sunstone IV hf., reg. no. 620921-2540. Sunstone IV is in the majority ownership of Sunstone III ehf., reg. no. 561221-1380, less one share in which is owned by Sunstone I Bis ehf. The shareholders of Sunstone III ehf. have entered into a co-investment agreement, dated 30 September 2022 (the "Co-Investment Agreement").

### 4. gr.

Heimilt er að hækka hlutafé félagsins með ályktun hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutfjár.

### Article 4

The share capital of the Company may be increased by a resolution of shareholders' meetings, in which case the same force of vote is required as for amendment of these Articles of Association. Shareholders shall have a priority right to all new shares in proportion to their holdings. A shareholders' meeting alone may render a decision relating to reduction of share capital.

### 5. gr.

### Article 5

Hlutabréf skulu gefin út til nafngreinds aðila og skulu tölusett, í samræmi við 27. gr. hlutafélagalaga. Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá lögum samkvæmt og skal skrá í hana nafn eiganda hvers einstaks hlutar í félaginu ásamt dagsetningu eigendaskipta og skráningardag hverju sinni. Hlutabréf félagsins er heimilt að gefa út með rafrænum hætti í verðbréfamiðstöð í samræmi við lög um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga.

Share Certificates shall be issued to a named person and numbered in pursuant to Article 27 of Law of Limited Liability Companies. The Company's Board of Directors shall keep a register of shares in accordance with Icelandic Law and enter into it the name of each shareholder with the dates of transactions of shares and date of entry each time. It is permissible to issue share certificates in an electronic manner at a central securities depository in conformity with the Act on Centralised Securities Depositories, Settlement and Electronic Registration of Title to Securities.

6. gr.

Eigendaskipti að hlutum í félaginu öðlast ekki gildi gagnvart því fyrr en stjórn þess hefur verið tilkynnt um það skriflega.

Um forkaupsrétt hluta í félaginu skal fara eftir ákvæðum hluthafasamkomulagsins.

Eigendaskipti vegna erfða eða búskipta lúta ekki framangreindum forkaupsréttarreglum.

Óheimilt er að veðsetja eða gefa hluti í félaginu án samþykkis félagsstjórnar.

Article 6

Changes in ownership of shares in the Company have no effect for the Company until notified in writing ot the board of directors of the Company.

Any pre-emptive right to purchase shares offered to sale in the Company shall be governed by the rules of the Co-Investment Agreement.

Changes in ownership on account of inheritance upon the death of a shareholder or due to bankruptcy procedures are not subject to the aforementioned rules on pre-emptive rights.

Shares in the Company may not be pledged or given away without the board's consent.

7. gr.

Félagið má eigi veita lán út á hluti sína nema lög leyfi. Félaginu er heimilt að kaupa eigin hluti að því marki sem lög leyfa. Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á sjálft.

Article 7

The Company may not grant loans against its shares unless permitted by law. The Company may purchase its own shares to the extent permitted by law. No votes are attached to shares owned by the Company.

8. gr.

Hluthafi ber ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu.

Article 8

Shareholders are not liable for the Company's obligations in excess of their shareholding in the Company.

9. gr.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra hluthafafunda.

Article 9

Supreme authority in the Company's affairs shall rest with lawfully convened shareholders' meetings.

10. gr.

Article 10

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok ágúst ár hvert.

Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu hluthafa sem ráða að minnsta kosti einum tuttugasta hluta hlutafjár í félaginu. Skal krafan skriflega gerð og fundarefni tilgreint og fundur boðaður þá innan fjórtán daga. Ef stjórnin skirrist við að boða fund eftir móttöku slíkrar kröfu má leita atbeina stjórnvalda samkvæmt lögum um hlutafélög.

The annual general meeting of the Company shall be held before the end of August each year.

Extraordinary shareholders' meetings shall be held at the discretion of the board of directors or upon the request of shareholders holding at minimum 1/20 of the share capital. The request shall be in writing and include the agenda after which the meeting shall then be convened within fourteen days. If the board fails to convene a meeting after receiving such a request, the support of the minister may be sought pursuant to Act on Public Limited Companies.

## 11. gr.

Félagsstjórn boðar til hluthafafundar með tilkynningu til hvers hluthafa í ábyrgðarbréfi eða tölvupósti gegn staðfestingu á móttöku eða á annan jafnsannanlegan hátt. Aðalfund skal boða með minnst 14 daga fyrirvara en aukafund með minnst sjö daga fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði.

Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður og hann sækja hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem hafa yfir að ráða helmingi hlutafjár í félaginu að minnsta kosti. Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti skal boðað til nýs fundar innan mánaðar með sjö daga fyrirvara og verður sá fundur lögmætur til að ræða þau mál sem ræða átti á fyrri fundinum ef hann sækja hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem ráða fyrir 10% hlutafjár í félaginu hið minnsta.

## Article 11

The board of directors convenes shareholders' meetings by a notice to each shareholder by registered post or e-mail or other equally verifiable means. The annual general meeting shall be called with at least fourteen days' notice but extraordinary meetings with at least seven days' notice. The notice shall state the agenda of the meeting.

A shareholders' meeting is valid if it is legally called and attended by shareholders or their representative controlling at least half of the share capital. Should a meeting become invalid due to shortcomings in this respect, a new meeting shall be called within a month with a seven days' notice and that meeting will be valid to discuss the matters that were meant to be discusses at the previous meeting if shareholders controlling at least 10% of the share capital attend the meeting.

## 12. gr.

Eitt atkvæði fylgir hverri 1 krónu í hlutafé. Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn.

Á hluthafafundi ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé fyrir mælt í landslögum, samþykktum þessum eða hluthafasamkomulaginu. Samþykki allra hluthafa þarf til þess:

a. að skylda hluthafa til að leggja fram fé í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar,
b. að takmarka heimild hluthafa til meðferðar á hlutum sínum eða
c. að breyta ákvæðum samþykktanna um hlutdeild hluthafa í félaginu eða jafnrétti þeirra á milli.

## Article 12

One vote shall be attached to each one-krona share in the Company. Shareholders may, by written proxy, authorise its representatives to attend a shareholders' meeting and exercise their rights.

Decisions at shareholders' meetings shall be taken by majority vote except as otherwise provided in statutory law, these Articles or the Co-Investment Agreement.

The approval of all shareholders is required for the following purposes:

a. to obligate shareholders to contribute funds for the Company's needs beyond their commitments,
b. to limit the authority of shareholders for the handling of their shares, or

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins eða um sameiningu þess við önnur félög eða fyrirtæki má ekki taka til meðferðar á fundum þess nema þess hafi verið getið í fundarboði.

c. to amend the provisions of these Articles regarding shares in the Company or equal rights among its shareholders.

Proposals for amendments of these Articles of the Company or its merger with other undertakings shall not be addressed at meetings unless specified in the notice of the meeting.

13. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
2. Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðenda eða skoðunarmanna félagsins til samþykktar.
3. Stjórn félagsins skal kjörin og endurskoðendur eða skoðunarmenn.
4. Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
5. Tillögu félagsstjórnar um starfskjarastefnu félags.
6. Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnar- og skoðunarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.
6. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Article 13

The annual general meeting shall adress the following items of business:

1. The board of directors of the Company shall report on the performance and activites of the Company in the past year of operations.
2. The financial statements of the Company for the past year of operations along with comments by the Company's auditors shall be submitted for approval.
3. The Company's board of directors and auditors shall be elected.
4. A decision shall be made as to handling of profit or loss and abount dividends and contributions to the Company's reserves.
5. The proposal of the board of directors regarding the Company´s remuneration policy,
6. A decision shall be made on remuneration to the members of the board of directors and auditors for their work during the year of operations.
7. Discussions and voting on any other matters which are lawfully tabled.

14. gr.

Fundargerðarbók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundum.

Stjórn félagsins er heimilt að ákveða að hluthafafundur verði haldinn rafrænt, hvort heldur í heild eða að hluta, enda sé tækni sú sem nýtt er til fundarins örugg og stenst kröfur laga um einkahlutafélög.

Ákvörðunar um að hluthafafundur skuli haldinn rafrænt skal getið í fundarboði. Þar skulu einnig koma fram upplýsingar um tæknibúnað sem þarf til þátttöku á fundinum, hvernig tilkynnt er um þátttöku á fundinum, fyrirkomulag atkvæðagreiðslna og aðrar upplýsingar sem geta átt við, svo sem aðgangsorð. Sé hluthafafundur haldinn með rafrænum hætti að

Article 14

Minutes shall be kept in which the proceedings of shareholders' meetings shall be recorded.

The Company's board of directors may decide to hold a shareholders' meeting by electronic means, either in full or in part, on the condition that the technology to be used for the meeting is secure and fulfils the requirements of the Act on Private Limited Companies.

A decision to hold a shareholders' meeting by electronic means shall be stated in the meeting announcement. This shall also provide information on the technical equipment required to participate, how shareholders give notice of their participation, how voting is to be carried out and other relevant

hluta eða í heild skal innslegið aðgangsorð jafngilda undirritun viðkomandi hluthafa og staðfesting á þátttöku á hluthafafundinum.

informaiton, such as passowrds. If a shareholders' meeting is held partly or fully by electronic means, a password entered in shall be equivalent to a signature of the respective shareholder and confirmation of its participation in the shareholders' meeting.

## 15. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð þremur til tíu einstaklingum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn, þó eigi færri en þremur séu hluthafar fimm eða fleiri. Heimilt er að kjósa allt að tíu varamenn.

Um réttinn til þess að tilnefna stjórnarmenn gilda ákvæði hluthafasamkomulagsins.

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda félagið.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef þrír stjórnarmenn sækja fund. Hins vegar, ef ályktunarbær meirihluti er ekki til staðar á stjórnarfundi innan hálfrar klukkustundar frá upphafstíma fundarins eða ef 10 mínútur af fundi líða án þess að ályktunarbær meirihluti sé til staðar, skal fundi frestað um tvo virka daga eða, ef um brýnt mál er að ræða, um skemmri tíma, sem sanngjarn er í samhengi við hluthafasamkomulagið, þar sem ályktunbær meirihluti skal vera viðstaddur ásamt stjórnarmanni sem skipaður er af meirihlutaeiganda. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum. Halda skal fundargerð um stjórnarfund. Að öðru leyti skuli ákvæði hluthafasamkomulagsins gilda um stjórnarfundi.

Stjórn félagsins, eða framkvæmdastjóri verði hann ráðinn, hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í málum sem varða venjulegan rekstur.

## Article 15

The Company's board of directors shall consist of three to ten members, elected at an annual general meeting for a one year term. If the shareholders are five or more, then the board shall consist of at least three board members. Up to ten substitute board members may be elected.

The right to appoint directors is governed by the provisions of the Co-Investment Agreement.

The board of directors shall manage all the affairs of the Company between shareholders' meetings and protect the interests of the Comapny against all third parties. The signatures of the majority of the board bind the Company.

The meetings of the board of directors are lawful if attended by the at least three directors however, if a quorum is not constituted at any meeting of the of the board of directors within half an hour from the time appointed for the meeting or if during the meeting a quorum ceases to be present for a period exceeding 10 minutes, the meeting shall be adjourned for two business days or, if the meeting is in respect of an urgent matter, such shorter time as reasonably determined in accordance with the Co-Investment Agreement, whereupon the quorum of the meeting shall be the presence of a director appointed by the majority shareholder. Decisions shall be taken by majority vote. If votes fall even the vote of the chairman will be the deciding vote. Minutes of board meetings shall be recorded. Otherwise, the provisions of the Co-Investment Agreement shall apply to board meetings.

The Company's Board of Directors, or the Managing Director if he is hired, undertakes the management of the Company's daily operations and represents the Company in all matters pertaining to ordinary operatio.

## 16. gr.

Stjórn skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnarmaður sem skipaður er af meirihlutaeiganda boðar til stjórnarfunda og hann skal boða alla stjórnarmenn til hvers einasta stjórnarfundar. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri.

## Article 16

The board shall allocate tasks among themselves. Meetings of the board shall be called by any director appointed by the majority sharheolder and he shall call all board members to each meeting of the board. Any member of the board of directors may request a board meeting. The managing director of the Company has the same right.

Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar sem og undirnefnda stjórnar.

The board of directors shall establish its own rules of procedure regarding furhter details of the performance of its duties and its sub-committees.

17. gr.

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Hún veitir og prókúruumboð fyrir félagið.

Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfsfólks. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum eða skoðunarmönnum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

Article 17

The Company's board of directors engages a managing directors and decides on the terms of his employment. The board of directors may also assign powers of procuration on behalf of the Company. The managing director undertakes the management of the Company's daily operations and represents the Company in all matters which pertain to ordinary operations. The managing director arranges for accounting and the engagement of personnel. The managing director shall grant board members and auditors all information the may request concerning the operation of the Company, as required by law.

18. gr.

Á aðalfundi félagsins skal kjósa löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfélag til eins árs fyrir félagið. Endurskoðandi skal rannsaka reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Endurskoðanda má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

Article 18

At the annual general meeting a certified auditor or or an auditing firm shall be elected. The auditor shall review the Company's accounts for each year of operation and submit his conclusions to the annual general meeting. The auditor may not be elected from the group of the Company's board members or personnel.

19. gr.

Starfsár og reikningsár er 01.01-31.12. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðendur eða skoðunarmenn eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund.

Article 19

The operating and financial year of the Company shall be 01.01-31.12. The board of directors shall have prepared the annual accounts of the Company and submitted them to the Company's auditors no later than one month before the annual general meeting.

20. gr.

Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn hluta sinna nema lög eða hluthafasamkomulag standi til annars.

Article 20

No special rights are attach to any shares in the Company. Shareholders shall not be subject to redemption of their shares unless otherwise laid down by law or in the Co-Investment Agreement.

21. gr.

Samþykktum þessum má breyta á lögmætum aðalfundi eða aukafundi með 2/3 hlutum greiddra atkvæða, svo og með samþykki hluthafa sem ráða yfir að minnsta kosti 2/3 hlutum af því hlutafé í félaginu sem farið er með atkvæði fyrir á fundinumí enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið samþykktum eða landslögum, sbr. 68. gr. ehfl.

Article 21

These Articles of Association may be amended at a lawful annual general meeting or an extraordinary meeting with 2/3 of the votes cast as well as with approval of shareholders controlling 2/3 of the share capital of the Company represented by votes at the meeting, provided that an alternative number of votes is not stipulated in these Articles of Association or by law, cf. Article 68 of the Act on Private Limited Companies.

22. gr

Article 22

Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um slit sé gild. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.

Motions on the dissolution and winding-up of the Company shall be subject to the same rules as amendments to these Articles. The votes of shareholders controlling at least 2/3 of the total share capital of the Company are required in order that a decision of dissolution is valid. A shareholders' meeting which has made a valid decision to dissolve or wind-up the Company shall also decide on the disposal of assets and the payment of debts.

23. gr.

Þar sem ákvæði samþykkta þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga um hlutafélög, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Íslenski texti samþykktanna er rétthærri þeim enska ef vafi skapast.

Article 23

Where the provisions of the present Articles of Association do not stipulate the mode of proceedings, the provisions of the Act on Public Limited Companies and other applicable laws shall be abided by.

The Icelandic version of the Articles of Association is superior to the English version in case of conflict.

*[Undirskriftarsíða fylgir]*

*[Signature page to follow]*

*[Míla hf. samþykktir – Undirskriftarsíða]*

*Þannig samþykkt hinn 18. október 2022.*

Jón Ríkharð Kristjánsson, prókúruhafi

*[Míla hf. AoA – Signature page]*

*So approved on 18 October. 2022.*

Jón Ríkharð Kristjánsson, power of procuration